

Aðalfundur G.D.L.H. 2011

14. október 2011

Haldinn í húsi ÍSÍ kl. 18:00

Mættir fundarmenn voru 20.

Lárus Hannesson formaður GDLH setti fundinn og bauð alla velkomna.

Lárus stakk upp á Darra Gunnarssyni sem fundarstjóra og Erlu G. Gylfad. sem fundarritara og var það samþykkt.

Fyrir fundinum lá eftirfarandi dagskrá:

Fundarseting

Kjör fundarstjóra og fundaritara

Fundargerð síðasta aðalfundar kynnt

Skýrsla stjórnar

Reikningar félagsins kynntir og bornir upp

Skýrslur nefnda

Lagabreytingar

Ákvörðun félagsgjalda

Kosning stjórnar og nefnda

Önnur mál

Fundarstjóri Darri Gunnarsson þakkaði traust fundarins fyrir sína hönd og ritarans.

Næst á dagskrá var fundargerð síðasta aðalfundar (2010)

Lárus H. formaður spurði fundinn hvort þörf væri á því að lesa alla fundargerðina upp. Fundinum fannst ekki vera þörf á því en Lárus benti á það að það væru eintök til á fundinum sem fundarmenn gætu lesið ef áhugi væri á auk þess yrði fundargerðin á heimasíðu félagsins.

Skýrsla stjórnar

Lárus Hannesson las skýrslu stjórnar 2011 og var hún eftirfarandi:

Ágætu félagar

Stjórn Gæðingadómarafélags Landsambandshestamannafélaga skipa: formaður, Lárus Ástmar Hannesson, gjaldkeri, Oddrún Ýr Sigurðardóttir, ritari, Erla Guðný Gylfadóttir, meðstjórnendur Erlendur Árnason og Sigurður Ævarsson.

Varamenn: Ingibergur Árnason og Sigurður Halldórsson.

Allir ofangreindir eru boðaðir á stjórnarfund og hafa tekið þátt í atkvæðagreiðslum þegar til þeirra hefur komið.

Stjórnin hélt á árinu fimm símafundir og einn vinnufund í húsnaði LH. Símafundir eru hagkvæmir og gera fjarlægðir milli stjórnarmanna að aukaatriði.

Félagið fékk styrk að upphæð 500 þús. frá átaki í þróunarsjóð hestamennsku. Styrkurinn er veittur til fræðslustarfa og mun nýtast félaginu vel í áframhaldandi uppbyggingu fræðslustarfsins.

Mikil umræða hefur verið um gæði dómstarfa og nefnt að menntun og fagleg gæði dómara hafi ekki fylgt þróun í reiðmennsku og þjálfunarfræðum. Sumt af gagnrýninni á örugglega við rök að styðjast og hlýtur það að vera okkar metnaður að meta gagnrýnina og bregðast við. Trúverðugleiki og sýnileg og sannfærandi fagmennska er það sem ber að stefna af og við séum tilbúin að taka þátt í málefnalegri og uppbyggjandi umræðu um dómsstörf.

Á þessu ári samþykkti meirihluti stjórnar GDLH að taka þátt í samstarfsverkefni milli Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, Íþróttadómarafélagsins og stjórnar LH um að hefja vinnu við að þróa kennslu og setja saman kennsluefni sem nýtast mun til fræðslu fyrir dómara framtíðarinnar en einnig og ekki síður starfandi dómara. Það á vafalaust eftir að efla dómsstörf og fagmennsku í dómsstörfum að fá aðgang að þeirri þekkingu sem til er á Hvanneyri og þeirri kunnáttu sem á Hvanneyri er til staðar varðandi uppbyggingu námskeiða. Leitast verður við að ráða færustu kennara á hverju sviði. Dómararéttindi nást þó áfram eins og hingað til einungis með því að fara gegnum námskeið og próf dómarafélaganna.

Þróunarfjárnefndin veitti kr. 500 þús til verkefnissins og er verkefnið komið af stað og verður unnið í samvinnu við bæði íþróttadómarafélagið og GDLH. Fyrsta námskeiðið verður haldið á næsta ári og tengist námskeiði fyrir knapa sem vilja þróa sig sem keppnisknapa.

Þar sem fast er orðið í lögum að sækja ber um dómara til stjórnar GDLH til að mót geti talist lögleg sóttu öll þau félög sem héldu gæðingamót um dómara eftir þeim reglum sem í gildi eru. Þetta fyrirkomulag sem fast er orðið í sessi hefur sannað gildi sitt og mikilvægt að þróa fyrirkomulag mótahalds áfram í þessa átt. Það sem á að vera til skoðunar næstu árin eru fyrirvarar á umsóknum.

Alltaf er algengt að félög sækja um dómara með tvöföld réttindi. Leitast er við að verða við þeirri ósk þó er sanngjörn skipting dómara á mót látn ráða för. Ekki er óeðlilegt að velta því fyrir sér hvort raunhæft sé og rétt að þróa einhverskonar töltkeppni sem gæti kallast „gæðingatölt“ og gæðingadómarar þjálfaðir upp í að dæma slíka keppni. Það yrði þá mótshaldara að meta hvort þeir vildu halda töltmót eftir lagaramma íþróttakeppninnar eða þá svokallaða „gæðingatölt“. Það er að sjálfsögðu mikill kostnaðarauki fyrir mótshaldara að borga fyrir tvö dómaragengi en rekstur móta virðist vera erfiður ekki síst hjá minni félögum.

Röðun dómara á mót var með öðru sniði en verið hefur en framkvæmdi var þannig að dómurum var raðað á mót og einn dómari í hópnum settur yfirdómari. Ef dómarar forfölluðust bar þeim að láta yfirdómarann vita og reyna eftir fremsta megni að finna forfalladómara til að hlaupa í skarðið. Ef dómurum og yfirdómara tókst ekki að finna afleysingadómara var haft samband við formann og málin leyst í sameiningu. Í langflestum tilfellum gekk vel að manna mótin og vil ég þakka þeim sem aðstoðuðu og eða með litlum fyrirvara tóku að sér dómgæslu. Það er mitt mat að með þessu fyrirkomulagi koma fleiri að vinnu félagsins og félagsmenn verða betur meðvitaðir um störf og verkefni stjórnar.

Það er áhyggjuefni að við lendum ávallt í vandræðum með að manna tvær helga þau ár sem landsmót eru haldin. Hingað til hefur tekist t með jákvæðu viðmóti dómara að leysa málin en ekki hefði mátt vera eitt mót í viðbót þessar tvær helga þannig að ekki hefði tekist að manna mótin. Þau ár sem ekki eru landsmót eru léttari þar sem ekki eru úrtökur á vorvikum.

Stæðsta verkefni GDLH 2011 var úthlutun dómara og dómgæsla á landsmóti á Vindheimamelum. Fyrirkomulagið var með öðrum hætti en verið hefur þar sem landsdómarar gátu sótt um að fá að dæma og voru valdir dómarar til starfans úr þeim hóp. Fram til þessa hefur verið haft samband við dómara og þeim gefinn kostur á að taka þátt í dómstörfum á landsmóti. Áðurnefnt fyrirkomulag er jákvætt skref í rétta átt þó ávallt vandasamt að hald á þeim kaleik að velja dómara úr röðum hæfra umsækjenda.

Þeir dómarar sem völdus til starfans var gert að dæma stórt mót áður en landsmót hófst og er sú nýbreytni til bóta.

Betur verður farið yfir landsmótið með yfirferð yfir skýrslu eftirlitsdómara í liðnum önnur mál.

Þess ber að geta að engar kærur bárust vegna starfa dómara á vegum GDLH þetta keppnisárið.

Ef við rýnum í framtíðina og veltum fyrir okkur hvernig við getum bætt okkar til framtíðar.

Okkur ber að vera hafin yfir gagnrýni um klíkuskap og ógagnsæi, Hvernig gerum við það?

Mikilvægt er að ræða með hvaða hætti fræðslunefndin skili niðurstöðu nýdómaranámskeiða og samhæfingarnámskeiða. Þessi umræða er ekki ný af nálinni en nauðsynlegt að á næsta starfsári verði mótuð stefna og þessi umræða leidd til lykta.

Þegar lokið hefur verið að raða dómurum á mót eiga þær upplýsingar að koma á heimasíðu félagsins hvort heldur verið er að tala um mót innanlands eða erlendis.

Fjalla verður um hvort árangursríkt sé að hafa marga dómara starfandi eða hvort dómurum eigi að fækka og jafnvel skipta mótum eftir stærð og umfangi ekki síst með tilliti til að upplýsingar um mót og frammistöðu hestanna fylgja þeim og eru opinber gögn og geta nýst eða hamlað sölu á hestum.

Sú umræða verður æ háværi að þegar fimm dómara mót eru haldin ber að fella út hæstu og lægstu einkunn. Rök eru með þeirri aðgerð en einnig móti. Mikilvægt er að GDLH leiði þessa umræðu.

Lokaorð

Ábyrgð dómara verður sífelld meiri og er það okkar starf að takast á við verkefnin með opnum hug og horfa til framtíðar í allri umfjöllun um störf gæðingadómara.

Takk fyrir

Fh. Stjórnar GDLH

Lárus Ástmar Hannesson, formaður.

Darri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar.

Sigurður Ævarsson var með vangaveltur yfir því hvaða rök það væru að gefa það út opinberlega hvernig niðurröðun dómara væri á mótum fyrirfram. Taldi það ekki vera betra að fólk væri meðvitað um það fyrir mót. Lárus H. svaraði því og taldi að rökin með því væri fyrst og fremst að hafa allt opið og uppá borðum. Þetta yrðu ákveðin þægindi fyrir dómara og mótshaldara.

Sigurður Ævarsson vildi koma því áleiðis að dómarar þyrftu að vera enn virkari almennt séð í reglum og öðru sem snýr að því. Einnig það að við dómarar bíðum of oft að það sé eitthvað rétt að okkur, dómarar ekki nógu oft frumkvöðlarnir í sínum málum.

Lárus Hannesson sammála því að við dómarar verðum oft að vera meira leiðandi í reglum og málum sem snúa að okkur dómurum.

Sigurður Halldórsson spurði út í áður nefnt samstarf við Hvanneyri. Bað um smá kynningu á því.

Lárus Hannesson svaraði því vel og skilmerkilega.

Reikningar félagsins kynntir og bornir upp

Oddrún Ýr gjaldkeri GDLH kynnti reikninga GDLH.

Nokkrar fyrirspurnir urðu um reikninga félagsins sem gjaldkerinn Oddrún Ýr S. svaraði skilmerkilega.

Voru reikningar bornir upp til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.

(Reikninga félagsins má sjá á heimasíðu félagsins).

Skýrslur nefnda

Sigurbjörn Bárðason las upp skýrslu fræðslunefndar GDLH og var hún eftirfarandi:

Eins og fyrr hafði fræðslunefndin fjöldann allan af málum að sinna og þurftu nefndarmenn að halda vel á sínum málum til að geta sinnt þeim öllum en með samheldni og góðu skipulagi tókst að halda vel utan um öll þau mál og verkefni sem fyrir lágu ásamt nýjum verkefnum sem nefndin skapaði sér með framsýnum hugsunum um framtíð og stefnu gæðingakeppninnar og utanumhald um gamlar hefðir og sögu gæðingsins í gegnum tíðina sem og markaðssókn á erlendum vettvangi.

13 verklegir vinnufundir voru haldnir í höfðuðstöðvunum hér í Laugardalnum ásamt fjölmargra símafunda.

Upprifjunarnámskeið:

Gjörbylting varð á upprifjunarnámskeiðum þar sem til kom metnaðarfullar breytingar á fyrri formi og trúum við að þær breytingar hafi verið stórt skref fram á við og stuðli að betri endurhæfingu og bættum dómstörfum dómara.

Stór bíosalur var leigður í Háskólabíói, sem tryggði nákvæmari og betri myndgæði á sýningu á skjánum á námsefni og prófefni.

Vegna lenginu á dagskrá frá fyrri upprifjunarnámskeiðum stóð námskeiðið yfir 4 og hálfan tíma.

Fenginn var utanað komandi fyrilesari Jóhann Ingi Gunnarsson sálfræðingur og kom hann víða við um störf og rétta nálgun dómara á viðfangsefninu og auk þess hvar dómarar þurfa að gæta sín á ýmsum utanaðkomandi áhrifum og enn frekar að standa saman en nýða ekki hvorn annan niður.

Margir þættir sem fylgja okkar dómarastörfum voru ræddir ýtarlega og komið inn á leiðir fyrir dómara til þess að komast sem best frá dómstörfum, orð í tíma töluð.

Diskar með kennsluefni voru sendir út til allra dómara sem þeim bar að dæma og senda til baka til fræðslunefndarinnar innan tilskilins frests teljum við þessa aðfeð skila betri árangri þar sem dómararnir verða betur að sér og um leið virkari við notkun á leiðara áður en komið er að upprifjunarnámskeiðum.

Nefndin telur að taka verður mun ákveðnara á því að dómarar skili inn niðurstöðunum af prófdæmingunum af diskunum fyrir ákveðin tímamörk uppfylli þeir ekki þær kröfur, eru þeir ekki virkir dómarar það keppnisárið.

Að gefnu tilefni ákvað nefndin að ljúka öllum upprifjunarnámskeiðum með dæmingu prófdómara á ca 2 hestum sem þeir verða að skila niðurstöðum í lok námskeiðsins er þetta gert meðal annars til að tryggja að dómarar sitji allt upprifjunarnámskeiðið og að auki gildi það sem stöðumat í lokin að öðru leiti var námskeiðið með breyttum hætti frá því sem áður hefur tíðkast og virtist nýja fyrirkomulagið koma vel út en jafnframt mun fræðslunefndin halda áfram að vinna að þróun að bættri endurmenntun dómara.

Fræðslunefndin telur að eitt stórt námskeið fyrir alla dómara landsins eigi rétt á sér sökum kostnaðar og mikillrar vinnu.

Dýrt er að setja upp fleiri námskeið þar sem kostnaður fyrirlesara og önnur umgjörð er töluverð.

Annað upprifjunarnámskeið var haldið vegna ítrekaðrar beiðni dómara sem ekki áttu kost að koma á það fyrra og varð að stytta það námskeið og umgjörðin öll með þeim hætti sem fræðslunefndin kys að hafa ekki þar sem það kemur ekki að sama gagni fyrir dómara sem hið fyrra gerði.

Sitja því dómara ekki við sama borð hvað endurmenntun varðar en gangvart endurmenntu þarf frekar að bæta í en slaka á kröfum.

Telur fræðslunefndin því einsýnt að halda eitt stórt upprifjunarnámskeið á hverju ári, nema ef óvænt berist auka fjármagn til fræðslunefndarinnar sem telja má ólíklegt.

Við höfum verið í góðum samstarfi við Svein í Plúsfilm og höfum þróað aðgengilegra efni í samstarfi við hann til fræðslustarfa fyrir nefndina þar sem tökubúnaður og sjónhorn tökumannsins hentar okkur betur til að búa til kennsluefni auk þess hefur nefndin dæmt fjöldann allan af sérvöldum sýningum sem síðan eru notaðar við endurmenntun og próftökur.

Eftirlitsdómari:

Fræðslunefnd bjó til starf og umgjörð eftirlitsdómara fyrir um 4 árum síðan, sem nú þegar hefur verið notað í þrjú ár og hafa þrír eftirlitsdómarar komið þar að og allir staðið sig með ágætum og er starfið í stöðugri þróun hjá fræðslunefnd.

Hafa eftirlitsdómarar skilað skýrslum sínum til stjórnar GDLH og fræðslunefndar, eins og um getur starfar eftirlitsdómari á vegum stjórnar fræðslunefndar og á hann að skila skýrslu að afloknu móti til nefndarinnar, fræðslunefndin vegur og metur síðana skýrslu dómarsins og er ákvörðun tekin í samráði við dómara hvort aðgerða sé þörf vegna starfa dómara þ.e.a.s. einstaks dómara eða fleiri.

Skýrslan er trúnaðarskjal milli stjórnar GDLH, fræðslunefndarinnar og eftirlitsdómarsins.

Starf eftirlitsdómarsins er hugsað fyrst og fremst til aðhalds á okkur dómurunum til að tryggja betri og öruggari vinnubrögð /dómstörf og jafnframt að sjá til þess að ef dómara sem slá ekki takt við leiðara og reglur keppinnar og skeri sig úr í dómstörfum hvað það varðar fari í endurmenntun og séu settir í hvíld frá dómstörfum tímabundið og jafnframt koma með ábendingar sem betur mætti fara í kringum dómstöfin.

Staf eftirlitsdómarsins er komið til að vera og gegnir veigamiklu hlutverki, en er jafnframt á fátta manna höndum að vinna.

Landsdómarapróf og nýdómarapróf:

Í apríl s.l. fór fram nýdómara- og landsdómsdómarapróf, jafnframt tengdum við seinni upprifjunarpróf inn í það til hagræðingar enda ekki um stóran hóp dómara að ræða sem áttu eftir að mæta á upprifjunarnámskeið.

18 einstaklingar þreyttu prófið, 6 aðilar þreyttu landsdómrpróf og 12 aðilar nýdómarpróf. Stóð námskeiðið yfir föststudag, laugardag og sunnudag, gekk námskeiðið að öllu leyti mjög vel þar til kom að sunnudeginum að skipulagið fór úr böndunum hjá okkur þar sem miklum snjó kyngdi niður ófyrirsjáanlega og allir gæðingavellir á Stór-Reykjavíkursvæðinu urðu ófærir, var þá gripið til þess ráðs að færa prófdæmingarnar austur á Selfoss við það helltust margir knapar úr lestinni sem voru búnir að melda sig í að ríða fyrir nýju dómaraefnin þar sem mikill tími og kostnaður fylgdi ferðinni austur fyrir fjall.

Fjárheimild nefndarinnar leyfir lítið svigrúm en með góðra manna hjálp, t.a.m. Gústa fyrrverandi formanni dómarafélags GDLH sem aðstoðaði okkur með bæði hross og knapa í yngri flokkunum auk þess sem nefndarmenn tóku með sér kerru, hross og knapa austur á Selfoss.

Rýrði þetta nokkuð hestakostinn sem áður var búið að útvega en eins og gerist á svona augnablikum þá var þetta eina lausnin í stöðunni.

Fyrir utan það að fresta prófdómunum sem var ekki góður kostur vegna þess að fólk var búið að skipuleggja sig fram í tímann þannig að það var ekki valkostur.

Erlent samstarf:

Í desember 2010 fóru tveir nefndarmanna Sigurbjörn og Sigurður til Austurríkis með nýdómarpróf og upprifjunarnámskeið sem haldið var í Semriach s.

23 sóttu námskeiðið, 9 aðilar stóðust prófið en þess ber þó að geta að sumir þeirra sem stóðust prófið urðu að starfa sem ritarar hjá dómara á nokkrum mótum, og var þeim gert það skilt til að öðlast gild réttindi.

Á vordögum nú í ár var haldið upprifjunarnámskeið í Danmörku, áttu nefndarmenn ekki heimanað gengt en í skarðið hljóp gamal reyndur nefndarmaður Maryolin Tiepen enda öllum hnútum kunnug þar sem hún hafði starfað með okkur að uppbyggingu á erlendum vettvangi hér áður fyrr.

Dræm þátttaka var því miður aðeins 6 manns voru mættir, gekk námskeiðið vel.

Nú á haustdögum var haldið annað upprifjunarnámskeið í Svíþjóð sem jafnframt var tengt gæðingalandsmóti Svía, og mættu þar 26 aðilar bæði til endurmenntunar og nokkrir sem voru að kynna sér gæðingadómstörf og gæðingakeppnina.

Nefndarmenn héðan að heiman sem sáu um menntunina og dæmdu mótið Sigurbjörn og Sigurður Æ.

Allt fór mjög vel fram og var einn aðili sem þreytti próf sem búinn var að þreyta námskeið í Finnlandi fyrir 1 og hálfu ári en náði því ekki. Tók hann upptökupróf í Svíþjóð.

Föstudagurinn fór í fyrirlestra og upprifjun og kynningu á gæðingakeppninni.

Gæðingalandsmótið stóð laugardag og sunnudag var hátt í 100 skráningar í keppninni og mörg mjög frambærilega hross.

Til þess að fá að keppa á þessu landsmóti þá þurftu keppendur að vera búinir að vinna sér inn þátttökurétt af öðrum mótum.

FEIF. Stór alþjóðleg dómararáðstefna. Fór fram í Austurríki á þessu ári, Sigurbjörn sem hér stendur var boðið að halda fyrirlestur um Íslenska gæðinginn og reiðbúnað sem honum fylgir þar sem fyrir lágu tillögur um að banna notkun á íslenskum stangamélabúnaði auk þess að banna enskan reiðmúl með skáreim með búnaðinum.

Ráðstefnan var sótt af rúml. 200 manns og hélt ég klukkutíma fyrirlestur um kosti og galla búnaðarins og rökföstum staðhæfingum um hefðir stangnaméla reiðbúnaðar á íslenska hestinum og skýrði fyrir ráðstefnunni að það væri sama og að ganga í berhögg við sögu og hefðir sem fylgt hefði íslenska hestinum frá upphafi ef stangir yrðu bannaðar og hér væri ekki vettvangur að fjalla um slíkt.

Þegar búið var að fara dyggilega yfir fyrirlesturinn við ráðstefnugesti og skýra fyrir þeim staðalbúnaða annara hestakynja með þeim reiðbúnaði sem notaður er og léttar útskýringar ásamt samanburði í máli og myndum var í kjölfarið var tillagan um að banna stangir dregin til baka.

Aftur á móti var skáreimin á enska múlnum bönnuð þegar riðið er við stangir.

Það bann samþykktu kynbótadómarar ekki fyrir sína parta en bannið náði til sportsins innan FEIF og var gæðingakeppnin sett undir í sama hatt sem í raun og veru var ekki þörf á þar sem við aðskiljum reglur gæðingakeppnina að svo mörgu leiti frá FEIF reglum og erum með sérreglur um svo marga þætti varðandi gæðingakeppnina og gæti þessi búnaður flokkast þar auðveldlega undir.

Það er til umhugsunar að koma því inn í okkar reglur að leyfa enskan múl með skáreim eins og verið hefur svo lengi sem menn muna og samþykkja fyrir næsta keppnistímabil.

Ljóst er að munnáverkar með stöngum hafa ekki minnkað við bannið heldur frekar að þeir hafi aukist eftir að þetta bann kom til.

Við notkun skáreimarinnar minnka líkur á tungubasli og stjórn knapans verður auðveldari. Og eru það ærin rök að leyfa búnaðinn auk þess sem atkvæðagreiðslan féll á einu atkvæði sem sýnir hve ósamstæðan er um málið eins hafði sportnefnd FEIF ekki áliktað neikvætt um málið til nefndarinnar þ.e.a.s. sportnefndarinnar.

Uppbygging á samstarfi erlendis með gæðingakeppnina miðar hægt og kemur það til af því hve fjárhagur okkar er veikur en samt verður að segja að sá árangur sem hefur unnist er kominn til með að vera.

Hefðbundin mót erlendis eru farin að festa sig í sessi, erlendum dómurum fjölgar og allt smitar þetta út frá sér með jákvæðum hætti og ekki er það til að veikja okkar stöðu að fá þungarviktarmenn til samstarfs við okkur sem stýra öflugustu hestamiðlum erlendis eins og Henning Draft “með vefmililinn ISIBLESS” sem þreytti prófið í Austurríki 2010, og stóðst það og hefur helgað miklum kröftum með okkur að markaðssetja keppnina og íslenska gæðinginn okkur að kostnaðarlausu ásamt fleira fólki sem er eins og við heltekinn af okkar íslenska hesti og gæðinga keppninni.

Við þurfum greinilega að leita eftir styrk til frekari útbreiðslu á gæðingakeppninni sem jafnframt hefur í för með sér aukna markaðshlutdeild íslenska hestsins á erlendri grundu sem þýðir aukna sölu á hestinum hjá íslenskum hrossabændum. Þetta ætti að vera sameiginlegt verkefni okkar sem eru við stjórnvölin í kringum íslenska gæðinginn að leggjast á árarnar og byggja upp sterkari útrás því þarna er eitt af okkar sóknarfærum sem er búið að byggja upp og er alveg galopið ef rétt er á spilunum haldið nú sem aldrei fyrr.

Oft er þörf en nú er nauðsyn að auka markaðshlut okkar og útbreiðslu gæðingakeppinnar er stór möguleiki til slíkra landvinninga.

Ennfremur er verið að vinna að endurbætingu úrslitaleiðarans og ýmsum fleirum málum sem okkur eru hugleikin sem fylgja, mörg og mikilvæg verkefni eru framundan og framfari á sviði flestra mála fyrir nefndina að vinna að.

Nú í lokin vil ég þakka nefndarmönnum fyrir hönd fræðslunefndar, þeim Oddrúnu Ýr Sigurðardóttir, Sigrúnu Sigurðardóttir, Sindra Sigurðsson, Sigurði Ævarssyni, fyrir frábæra samvinnu og óeigingjarnt starf á liðnu starfsári.

Formaður fræðslunefndar,

Sigurbjörn Bárðarson

Darri Gunnarsson bauð upp á umræður um skýrsluna og voru þær eftirfarandi:

Fjölur vitnaði í samstarf fræðslunefndarinnar við Henning Draft. Fjölur benti á það að það væru fleiri sem vildu koma að og aðstoða. Taldi það ekki rétt að velja bara einn hestamiðil, hann vildi að GDLH nýtti sér Hestafréttir ennþá betur en nú er gert.

Marjolijn T. Talaði um þær erfiðu aðstæður sem gætu komið upp á prófdegi eins og veður o.þ. h. Spurði hvort það væri ekki betra að tengja námskeiðin við raunveruleg mót.

Sigurbjörn B. svaraði því að það væri gott og gilt en í síðasta tilviki sem þetta kom uppá, þ.e. veður var mjög vont, var það óhjákvæmilegt vegna tímapressu á Landsdómararefnum.

Sigurður Ævarsson vildi áréttta það úr skýrslu fræðslunefndar að sportnefnd FEIF var búin að fella tillöguna áður, á fundi fyrir Feifráðstefnuna.

Fjölur vildi koma því áleiðis að það væri lélegt að enda góð dómaranámskeið með því að henda einhverjum bikkjum í braut og bjóða dómurum upp á að taka próf út á það.

Ágúst Hafsteinsson talaði um upprifjun erlendis. Væri dræm þátttaka þar. Hvort það væri ekki hægt að auglýsa þau námskeið enn tímalega eða hvort það væri hægt að keyra þetta jafnvel á fjarkennsluformi. Mikið sé af fólki erlendis sem vilja fara á upprifjun en geta ekki. Sigurbjörn B. svaraði því að boltinn væri farinn að rúlla í þeim málum og nú er farið að búa til fræðslunefndir í hinum löndunum í samstarfi við fræðslunefnd GDLH. Nú þegar er starfið byrjað í Svíþjóð og það er stefnan að gera það sama í hinum löndunum í framtíðinni.

Sigurður Halldórsson spurði um fjölda þátttakenda á nýðómaranámskeiðunum sem næðu prófi. Spurði einnig hvort það væru einhver markmið hversu margir næðu.

Sigurbjörn svaraði því að um helmingur næði og það væri engin markmið.

Sævar Leifsson vildi koma því að varðandi námskeiðin að það væri örugglega til bóta að vera búin að undirbúa námskeið, hesta og knapa enn betur en verið hefur gert.

Sigurbjörn svaraði því að sú uppákoma sem kom upp á, á síðasta námskeiði nú í vor hafi verið óhjákvæmileg. Þar hafi verið búið að manna öll störf og stöður og undirbúningur verið góður.

Lárus Hannesson þakkaði Sigurbirni fyrir góða skýrslu. Hann spurði út í tilvonandi fræðslunefndir erlendis, hversu stórar þær myndu verða. Sigurbjörn svaraði því að þetta yrðu 5 manna nefndir sem myndu starfa erlendis og þær nefndir myndu þýða leiðarann á sitt tungumál í samstarfi við fræðslunefndina hérlandis.

Oddrún S. greindi frá því að búið væri að reyna á það að hafa upprifjun erlendis en þátttakan þar hafi verið mjög dræm.

Sigurður Æ. vildi koma því á framfæri að við gætum sniðgengið FIBO varðandi skáreimina. Við værum hvort sem er að sniðganga hann að vissu leyti og vísaði í kappreiðareglurnar þar sem við notum ísl. reglur. Gömlu hefðina, ekki FIBO.

Marjolijn T. sagði að hún hefði aðeins áhyggjur af þróun sumra mála hjá fræðslunefndinni. Spurði að því hvort við þurfum að fækka dómurum og fá enn betri dómara. Einnig varðandi þróun fræðslunefnda erlendis, hvernig hún verði til og vinni.

Sigurbjörn svaraði því að fræðslunefndir erlendis hafi ekki leyfi til að útskrifa dómara. Það sé hér í okkar höndum. Þeir sem erlendis eru fylgja okkur hvað upplýsinga- og námsstreymi varðar. Þær nefndir eru hluti af okkar yfirstjórnunarteymi. Við séum í raun að markaðsetja okkur og opna gluggann fyrir ísl. gæðingakeppni erlendis. Erum að kenna skilning á ísl. gæðingakeppni, læra m.a. að ríða frjálst.

Marjolijn T. sammála því að það þurfi einmitt að breiða út þessa reiðmennsku.

Helga Classen spurði um lista um útskrifaða erlenda dómara. Hvort hann væri til og hvort hann væri birtur einhversstaðar opinberlega.

Því var svarað að listinn væri til og verið væri að vinna í honum, að uppfæra hann og svo ætti að birta hann á heimasíðu GDLH.

Ágúst Hafsteinsson. Talaði um nefólinu og það mál sem kom fram í skýrslu fræðslunefndar. Vildi minna á það að við tókum FIBO upp á þeim tíma og allt það sem honum fylgir. Ekki á að vera að hræra í FIBO leiðaranum og ekki að vera að búa til sér íslenskar reglur um það sem við erum ekki sammála um í Fiboinu.

Sævar Leifsson spurði í sambandi við nefólinu, hvort við værum að sjá meira gap og ljótari sýningar eftir að nefólin var bönnuð.

Sigurbjörn svaraði því játandi, það væri meira gap og ljótari sýningar. Ættum jafnvel að fylgja í kjölfar kynbótamanna að leyfa reimina, er sér íslenskt.

Sigurður Ævarsson benti á áverkaskýrsluna Klár í keppni, þar sem hlutfall á áverkum keppnishrossa á LM 2011 er birt. Það sé klárlega aukning. Og hvers vegna er það, það eina sem hefur breyst er nefólin.

Ingibergur Árnason talaði um nefólina umræddu og áverka. Honum finndist í raun skrýtið nú að sjá í dag hross með skáreim.

Fundarmenn almennt sammála um það að það væri röng þróun að banna skáreimina, væru ljótari sýningar og meira gap.

Lárus Hannesar talaði um að við yrðum að skoða meira en skáreimina, það væru ljótar myndir og staðreyndir frá fundinum þar sem Klár í keppni var kynnt.

Marjolijn T. vildi koma því á framfæri að sl. upprifjunarnámskeið hafi verið frábært í marga staði. Þó hefði hún viljað fá umræður um diskinn sem var sendur út á dómara, hvort við dómarar séum að dæma hann rétt eða ekki. Fá stöðuna á því.

Sigurbjörn B. svaraði því að ástæðan fyrir því að diskurinn er ekki ræddur er sú að þetta fyrirkomulag sem nú er, er tiltölulega nýtt og það eru lélegar heimtur á diskunum frá dómurum, ekki eru allir búnir að skila inn disknum þegar námskeiðið stendur yfir og allskynns ástæður fyrir því. Nú verður það hins vegar þannig framvegis að þeir sem ekki skila á réttum tíma fá ekki að taka þátt í upprifjunarnámskeiði.

Logi Laxdal spurði hvort ekki væri hægt að setja þetta fyrirkomulag á Youtube. Hann var einnig hlynntur því að fá að vita niðurstöðurnar af disknum sem sendur væri út á dómara.

Sigurbjörn svaraði því að það væri ekki framkvæmanlegt að hafa þetta á Youtube, þá vegna gæða og það að ekki væru allir tæknivæddir.

Sigurður Ævarsson sagði frá því að LandsmótsTV væri að koma. Spurning hvort það væri ekki gott að útbúa þar jafnvel einhverskonar glugga þar fyrir okkur dómara. Það gæti leyst ýmislegt fyrir okkur.

Fundurinn sammála því að hafa diskinn áfram, hitt of flókið fyrir suma.

Ingibergur Árnason. Sammála því að vilja fá niðurstöðunar af heimsenda dómardisknum. Þetta hafi líka verið rætt á síðasta fundi. Stefnan á að vera sú er að þetta verði gert næst og menn verði að skila á réttum tíma DVD disknum og þá eiga engar undanþágur að vera í því sambandi.

Logi Laxdal benti á annað fyrirkomulag sem væri sniðugt. Talaði um fyrirkomulag sem honum fannst etv. geta hentað varðandi upprifjunarprófs. Vísaði í bílpróf sem tekin er á netinu.

Darri Gunnarssyni vildi koma því á framfæri að honum finnist best og hann læra mest á því að sitja í minni hóp og ræða hesta og læra af mönnum. Taka nokkra hesta og ræða þá.

Lagabreytingar

Erlendur og Ingibergur Árnasynir kynntu.

Þeir greindu frá því að lögin sem væru nú til umræðu væru í raun hreinskrifuð lög síðan á síðasta aðalfundi.

5 grein kynnt sérstaklega þar sem hún var ókláruð á sl. Aðalfundi.

5 grein er eftirfarandi:

Félagsmenn eru allir gæðingadómarar sem hlotið hafa samþykkt stjórnar L.H. Félagsmenn sem ekki standast upprifjunarnámskeið í byrjun starfsárs, eru ekki löglegir til dómstarfa það árið. Sæki dómari ekki upprifjunarnámskeið í tvö ár samfelld þarf hann að endurnýja réttindi sín með stöðuprófi, ef það líður lengri tími en þrjú ár frá því að dómari mæti á upprifjunarnámskeið falla dómara réttindi hans niður.

5 grein samþykkt.

Ingibergur og Erlendur töluðu einnig um 16. grein og kynntu hana. Spurðu fundinn hvort það þyrfti ekki að breyta henni. Ingibergur kom með þá tillögu að stjórnin myndi koma með nokkrar breytingar í því sambandi.

Ingibergur talaði um í framhaldi af ofangreindri umræðu um upprifjunarnámskeið, að skv. lögum um upprifjunarnámskeið verður að hafa upprifjunarnámskeið á tveimur stöðum á landinu ár hvert.

Darri lagði til að tillögur fyrir næsta aðalfund yrðu teknar fyrir og kynntar undir önnur mál svo þær yrðu jafnvel tækar á næsta ári.

Ákvörðun félagsgjalda

Félagsgjöld óbreytt og fundurinn samþykkti það.

Kosning stjórnar og nefnda

Kjósa átti um 5 nefndarmenn af 7. Erla G. Gylfad. og Erlendur Árnason voru ekki til kosninga þetta árið.

Lárus Hannesson bauð sig fram áfram sem formaður. Samþykkt samhljóða.

Oddrún S. og Sigurður Æ. voru einnig til kosninga. Gáfu kost á sér áfram og þau samþykkt samhljóða.

Ingibergur Árnason og Sigurður Halldórsson voru fyrir í varastjórn og þeir gáfu kost á sér áfram. Stungið var uppá úr sal Davíð Jónssyni og Magnúsi Sigurjónssyni. Kosið var um þessa fjóra aðila í 2 stöður.

Kosningarnar fóru þannig: Davíð Jónsson 15 atkvæði, Ingibergur Árnason 11 stig, Magnús Sigurjónsson 9 stig og Sigurður Halldórsson 5 stig.

Voru það því þeir Davíð Jónsson og Ingibergur Árnason sem voru kjörnir í varastjórn GDLH næsta starfsár.

Kosið var einnig um skoðunarmenn félagsins til næsta árs. Síðasta ár voru þau Erla Guðný G. og Sigurður Ragnarsson. Stungið var á uppá Helgu Claessen og Magnúsi Sigurjónssyni og var það samþykkt.

Önnur mál

Byrjað var að ræða tillögur. Tillögur sem áttu að liggja fyrir aðalfundinn en náðust ekki vegna tímaramma voru teknar fyrir og kynntar. Tillaga Fjölnis kynnt og var hún eftirfarandi:

Ég undirritaður vill koma með tillögu að breytingar að lögum Gæðingadómarafélag landssambands Hestamannafélaga.

Greinin verði felld inni lög félagsins þar sem það þykir passa. Greinin er svo hljóðandi:

Stjórnarmanni er óheimilt að sitja í fræðslunefnd eða öfugt.

*Flutningsmaður,
Fjölnir Þorgeirsson*

Hann sagði í framhaldi af því að honum fannst það vera eðlilegt að breyta þessu. Sigurbjörn B. spurði af hverju honum finndist það eðlilegt. Fjölni svaraði því að honum fannst það vera heilsteypara. Ágúst Hafsteinsson kom með þá ábendingu að það væri etv. óþægileg staða að ræða fræðslumál og öfugt þegar sömu stjórnarmenn eru í báðum nefndunum. Sigurbjörn B. taldi það frekar vera kostur en ekki að hafa þetta bundið saman. Ágúst H. benti á það að stjórnin skipaði fræðslunefnd. Oddrún Sigurðard. benti á það að það væri þá hægt þá fyrir viðkomandi að víkja af fundi þ.e. ef sami aðili væri í báðum nefndunum.

Tillaga Lárusar H. kynnt. Hún var eftirfarandi:

Undirritaður leggur til eftirfarandi breytingu a lögum GDLH.

Vid kaflann um fræðslunefnd komi eftirfarandi viðbót;

Fræðslunefnd hafi farið yfir og gert skil á niðurstöðum samhæfingarnamskeiða fyrir 1. apríl ár hvert.

*Flutningsmaður
Lárus Ástmar Hannesson*

Lárus sagði það vera einfalt að hafa þetta þarna inni og ákveðin og góð vinnuregla.

Sigurður Ævarsson sagði að hann vildi láta framkvæma ýmsa hluti hjá GDLH þar sem til væru peningar. T.d. efla úrslitaleiðarann og hann vill að það verði lagt fé í að rita sögu félagsins, skipa t.d. 3 manna nefnd innan félagsins, sem sæi um það mál. Sagði jafnframt að sagan mætti ekki glatast.

Lárus H kom með þá tillögu að fundurinn fæli stjórninni að skipa þriggja manna nefnd og vega þetta og meta.

Fjöltnir vildi leggja til að eyða pening í að laga logo félagsins.

Ágúst Hafsteinsson sammála Sigurði Æ., fannst löngu tímabært að huga að sögunni og koma henni í fast form.

Lárus Hannesar. Sagði að það þyrfti að klára það mál hvernig eigi og sé best að skila niðurstöðum úr námskeiðunum umræddu til dómara sjálfra. Gera þurfi þetta af mestum gæðum eins og hægt er.

Oddrún S. Vildi að dómarar fengju skírteini eða diplóma í hendurnar. Fleiri sammála því á fundinum.

Sigurbjörn B sagðist vilja stigskipta prófgráðum dómara, sagði núverandi kerfi orðið úrelt og jafnvel þörf á því að skipta í 3 stig.

Ágúst H. Spurði um vettvang fyrir fyrir millistigsdómara. Sigurbjörn B. kom með þær vangaveltur.

Fjöltnir Þ. gagnrýndi það að hann hafi ekki fengið að dæma eitt einasta mót nú í ár, þ.e. var ekki settur á neitt mót. Lárus H. Sagði það sína sök að Fjöltnir hafi ekki fengið að dæma, þar sem það vantaði nánari uppl. um hann inn á heimasíðu GDLH og baðst Lárus afsökunar á þessum mistökum.

Darri G. Var með vangaveltur um dómarastigskiptingu. Eins með það að standa vörð um gæðingakeppnina. Darri sagði jafnframt að umræðan um skírteini, vefsíðu ofl. Væri góð og við dómarar verðum að koma þessu áfram og vera stolt af okkar starfi.

Lárus H. í sambandi við heimasíðu félagsins. Taldi það vera nægjanlegt það svæði sem við hefðum en það mætti kannski að auglýsa ákveðið efni á miðlunum og koma með tengil inn á síðuna GDLH.

Fjöltnir Þ. Útskýrði netheiminn. Fannst það ætti að vera sér síða, væri sáraeinfalt. Setja ætti hana í loftið.

Þórir G. Spurði hversu margir væru félagar í GDLH. Lárus H. svaraði því að það væri í kringum 60 manns.

Umræða var á fundinum að sameina úrtökur og mót til að reyna að létta á þessum umræddu tveimur stóru og erfiðu helgum sem skapast alltaf á hverju ári og sérstaklega á Landsmótsári.

Lárus H. Spurði um það hvenær væri hægt að setja inn skýrslu eftirlitsdómara. Hvenær búið væri að taka hana fyrir hjá fræðslunefndinni. Sigurður Æ. vill endilega að hún verði sýnd. Sigurbjörn B. greindi frá því að hún væri á jákvæðum nótum, ekki einstaka persónur teknar fyrir og taldi ekkert því til fyrirstöðu að skýrslan færi inná heimasíðuna .

Lárus þakkaði fyrrum stjórnarmönnum fyrir sín störf og bauð nýja nefndarmenn velkomna.

Þakkaði fundinum fyrir hreinskiptni og fleira og sagði að þannig þróuðust málin á réttan og góðan hátt.

Fundi slitið 20:15.

Fundarritari,

Erla Guðný Gylfadóttir